

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, hjá Rannsóknasetri
um norðurslóðir. Haldið hjá Alþjóðamálastofunun, Aragötu 9, 19. desember
2019 kl. 15:30.**

Ágætu gestir.

Ég vil byrja á því að þakka Rannsóknasetri um norðurslóðir – ekki síst Margréti Cela, verefnisstjóra setursins - fyrir að bjóða okkur hingað á Aragötuna nú á aðventu til, þess að spjalla óformlega saman um málefni háskóla norðurslóða – Arctic universities - og fá í leiðinni örlitla innsýn í nokkur atriði sem eru á döfinni hjá norðurslóða - netverkinu.

Ég veit það hefur ekki farið framhjá ykkur sem eruð mætt hér í dag að mikilvægi norðurslóða hefur farið ört vaxandi á undanförunum árum, samfara hlýnun loftslags og bráðnun hafíss.

Þessari auknu áherslu á norðurslóðir fylgja tækifæri, meðal annars á sviði rannsókna, vísinda og nýsköpunar. Því er svo mikilvægt að þau okkar í Háskóla Íslands sem sinna málaflokknum snúi saman bökum, styrki starfið og sýnum útávið hvers við erum megnug hér í Háskólanum.

Núna fer Ísland með formennsku í Norðurskautsráðinu, þetta er mjög stórt verkefni fyrir litla stjórnarsýslu og því mikilvægt að virkja vísindasamfélagið sem best. Þau málefni sem formennskan hefur ákveðið að leggja áherslu á tengjast hafinu, loftslagsmálum, grænum orkulausnum og fólki og samfélögum á norðurslóðum. Hér getur Háskóli Íslands svo sannarlega lagt sitt af mörkum með að hvetja til málefnalegrar umræðu sem byggir á rannsóknum því við háskólann starfar mikill fjöldi vísindamanna sem leggur stund á kennslu og rannsóknir sem tengjast þróun mála á norðurslóðum á beinan og óbeinan hátt.

Breytingarnar á norðurslóðum kalla á víðtækt samstarf, bæði innan fræðasamfélagsins þvert á fræðigreinar, og á milli ólíkra geira samfélagsins. Við hjá háskólanum viljum hvetja okkar vísindafólk til að halda áfram því góða starfi á sviði norðurslóðarannsókna sem hér er stundað og til að nota tækifærið á meðan athyglin er svona mikil á norðurslóðir til að koma rannsóknum sínum á framfæri.

Rannsóknasetur um norðurslóðir sem starfrækt hefur verið frá 2013 stendur þennan veturinn fyrir fyrirlestrarröð þar sem fræðafólki háskólans gefst kostur á að kynna rannsóknir sínar. Þetta er tilvalið tækifæri til að auka sýnileika Háskóla Íslands í þessum málaflokki og ég vona að sem flest ykkar hafið tækifæri á að taka þátt, sum ykkar með fyrirlestra og aðrir til að hlýða á fróðleg erindi.

Háskólinn hefur einnig ákveðið að taka virkari þátt í starfi Háskóla norðurslóða, eða University of the Arctic, en undanfarin ár. Við höfum sótt svokallaða rektorafundi á hverju ári, þar sem rektorar og aðstoðarrektorar háskólanna sem tilheyra norðurslóðanetverkinu fá tækifæri til að bera saman bækur sínar varðandi stefnumótun háskólanna á sviðið norðurslóða.

Þau Magnús Tumi, Kristinn og Margrét sem öll hafa tekið að sér mikilvæg hlutverk í þessu netverkinu, munu hér á eftir segja aðeins frá því sem er að gerast í þeim efnunum.

Að lokum vil ég aftur þakka Rannsóknasetri um norðurslóðir – og Alþjóðamálastofnun - fyrir að bjóða okkur hingað á Aragötuna og ég segi gleðileg jól!